

Fundargerð stjórnar BÍS 06/2011.

Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123, mánudaginn 7. mars 2011 kl. 17:30

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Hallfríður Helgadóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Margrét Vala Gylfadóttir, formaður fræðsluráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskrárráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Dagskrá:

1. Setning: BB bauð fundarmenn velkomna.
2. Skátaping:
 - a. Skýrsla BÍS: Fyrirliggjandi drög samþykkt.
 - b. Dagskrá: fyrirliggjandi drög að dagskrá samþykkt.
 - c. Árgjald: Samþykkt að leggja til að árgjald verði óbreytt.
 - d. Starfsáætlun: Fyrirliggjandi drög að starfsáætlun samþykkt.
 - e. Kynning framjódenda á Skátapingi: Samþykkt að hver framjódandi til stjórnar BÍS fái 3 mínútur en aðrir verði kynntir á skjá. Skrifstofu falið að kalla eftir kynningum frá framjódendum og setja á Skátavefinn.
 - f. Tillaga um Landsmót skáta 2014: Félagsforingi Klakks hefur komið að máli við skátahöfðingja og ítrekað fyrri óskir um að Landsmót skáta verði á Hömrum 2012 eins og gert hafði verið ráð fyrir áður en mótið var fært frá 2011 til 2012. Samþykkt að leggja þessa tillögu fyrir Skátaping og kanna áhuga fleiri félaga á því að gerast meðflutningsaðilar.
3. Þingályktunartillaga menntamálanefndar Alþingis: Menntamálanefnd Alþingis hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um heildarúttekt á starfsemi æskulýðs- og ungmennasamtaka á Íslandi. Stjórn Æskulýðsvettvangsins fundaði um málið og niðurstaðan er sú að hver og ein samtök munu hafa sína aðferð við að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ákveðið að óska eftir fundmeð menntamálanefnd og menntamálaráðherra. Einnig að hver og einn stjórnarmaður ræði við þá fulltrúa í menntamálanefnd sem hann hefur aðgang að.
4. Lottó: Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra, hefur opnað umræðuna um lottóið og það er nauðsynlegt fyrir BÍS að vera með í þeirri umræðu.
5. Heimsþing WAGGGS 2014: HS kynnti drög að tilboði til WAGGGS um að halda heimsþing 2014. Samþykkt að bjóðast til að halda þingið á þessum forsendum.

Fleira ekki rætt

Fundargerð ritaði JA

Fundi slitið 19:45